
FYRIR
2024



SKÝRSLA FRAMKVÆMDASTJÓRA


BRIDGESAMBAND
ÍSLANDS

MATTHIAS IMSLAND
FRAMKVÆMDASTJÓRI


MARKMIÐ



Efla barna- og unglíngastarf.



Ná tókum á fjárhag og rekstri sambandsins.



Efla kennslu og nýliðun í Bridge.



Styrkja ímynd Bridge.

Þessi markmið eru langtímamarkmið - við reynum þó að vinna að þessum markmiðum alla daga.

STJÓRN BSÍ 2024-2025



Brynjar Nielsson
Forseti




Guðný
Guðjónsdóttir



Hrannar
Erlingsson



Ólafur
Sigmarsson



Gunnar Björn
Helgason



Dagbjört
Hannesdóttir



Anna Guðlaug
Nielsen

INNGANGUR FRAMKVÆMDASTJÓRA

Árið 2024 var gott ár fyrir Bridge á Íslandi, þó við hefðum auðvitað viljað fleiri sigra í íþróttinni. Fyrst er það að nefna að við höldum úti kennslu í framhaldsskólabridge tvisvar í viku, þar sem kennt var í Síðumúla. Var námið í samstarfi við nokkra skóla, þannig að í kennslunni hittust nemendur úr ýmsum skólum. Eins höfum við aðstoðað MK sem hefur haldið úti námi í Bridge og skák. Magnús E. Magnússon hefur aðstoðað við kennsluna auk þess sem við höfum boðið upp á forgefin spil. Allt okkar starf er frítt fyrir spilara 20 ára og yngri. Þar undir eru öll námskeið, keppnisgjöld, kennsla og námsgögn.

Nýliðabridge var spilað alla miðvikudaga og var oftast mjög góð mæting. Hugsunin á bak við nýliðabridge er að fólk sé að spila með aðstoð kennara og fái reynslu og sjálfstraust til að mæta í aðra klúbba. Magnús Eiður hélt úti opnu húsi alla föstudaga, var mæting sæmileg en lykilatriði er að halda út, þannig að hægt sé að byrja og fólk geti gengið að starfinu vísu.

Það er mikill áhugi á því að læra bridge og er ímynd íþróttarinnar mjög jákvæð um þessar mundir. Það hefur verið fullt á flest námskeið, hvort sem það er byrjendanámskeið eða fyrir lengra komna. Við sjáum að það er góð aukning í dagspilamennsku. Eins hafa nýliðar verið að skila sér í BOS og í Miðvikudagsklúbbinn. Það hefur hinsvegar verið erfiðara að ná nýliðum í suma klúbba og er það verkefni sem við þurfum að einbeita okkur að. Það er ekki nóg að vera bara með nýliðakvöld og vonast til að spilarar mæti. Það sem gefur besta raun er að spilarar taki með sér nýliða og hvetji áfram. Eins í sveitakeppni, að hefðbundnar sveitir skipti sér upp og taki inn nýja spilara.

Fjárhagur Bridgesambandsins er góður. Eigið fé er um 130milljónir sem samanstandur að mestu af skuldlausri eign okkar. Samkvæmt áætlun 2025 erum við þriðja árið í röð að skila hagaði eftir mjög slæm Covid ár. Reksturinn er þó viðkvæmur og þurfa allir áhugamenn um Bridge að standa saman til að byggja upp Sambandið. Huga þarf fljótlega að viðhaldi á húsinu okkar að utan, að skipta um klæðningu og glugga og að mála. Ljóst er að slík framkvæmd mun kosta tugi milljóna og hlutdeild Sambandsins yrði mikil í slíkum framkvæmdum.

Eitt mikilvægasta baráttumál Bridge á Íslandi er að spilarar geti fengið afreksgreiðslur, sambærilegar t.d. við skákina. Vert er að benda á að þegar afrekssjóður fyrir skákina var samþykktur á Alþingi, fylgdi með álit allsherjar- og menntamálanefndar þar sem Mennta- og Barnamálaráðuneytinu var falið að hefja undirbúning að slíkum sjóð. Við sjáum í öllu okkar afreksstarfi að það vantar í raun herslumun fyrir bridge til að stíga næsta skref. Það er erfitt að keppa við þjóðir sem njóta meiri stuðnings og eru með alla landsliðsmenn sem atvinnumenn.

Ég vil biðla til allra spilara að halda áfram að halda merki bridge á lofti. Umræðan er jákvæð og það er meðbyr. Það er hins vegar mikilvægt að við höldum áfram á lofti umræðu á jákvæðan hátt okkar um okkar starf. Horfum á það jákvæða í fari hvers annars og okkar frábæru íþrótt. Það er lykilatriði, fólk vill vera með í því sem er skemmtilegt og jákvætt.

Annars vil ég þakka stjórn og öllum samstarfsmönnum á árinu. Ber þar þó helst að nefna Elínu Bjarna sem hefur verið Sambandinu ómetanleg. Alltaf tilbúin að hjálpa og stökkva til þegar á þarf að halda.

Munum svo “Bridge gerir lífið skemmtilegra”



Matthías Imsland
Framkvæmdastjóri


REKSTURINN

Árangur í rekstri Sambandsins hefur verið góður. Eftir um 14 milljóna tap á árunum 2022 og 2023, var 3,7 milljóna hagnaður 2023 og er hagnaður ársins 2024 4 milljónir. Tekjur hafa verið að vaxa jafnt og þétt og aðhald hefur verið í öllu sem við höfum verið að gera.


Þó höfum við í starfseminni lagt töluvert í að byggja upp búnað sambandsins. Við keyptum nýja spilagjafavél, þannig að núna eigum við tvær vélar, sem eru góðar nútímavélar með hugbúnaði sem er notaður á flestum alþjóðlegum mótum. Við keyptum um 1000 nýja spilabakka, þeir eru aðeins stærri en þeir bakkar sem hafa verið notaðir. Bakkarnir sem við höfum notað eru ekki til lengur og því þurfum við smám saman að endurnýja. Einnig keyptum við um 2000 spil og höfum verið mjög dugleg að endurnýja spil í bökkum og eigum ágætan lager sem mun duga okkur næstu mánuði. Við keyptum líka fleiri bridgeborð og skerma og eigum núna 30 keppnisborð. Einnig keyptum við nýja bakka til að nota á keppnisborðunum. Þá keyptum við fleiri sjónvörp sem eru í keppnissölum, nýjan prentara og fengum nýlegar tölvur, svo búnaður er allgóður. Einnig keypti Sambandið margar auka Bridgemadetölvur bæði til að lána og eins til að eiga á stærri mótum.

Við fórum á árinu í mikla endurnýjun á ljósum í húsnæði okkar og er lýsing mun betri, auk þess sem LED ljós draga úr rafmagnskostnaði. Tekjur hækkuðu úr 57,9 milljónum 2023 í 62,6 milljónir 2024.


.



Samanburður á tekjum milli ára.




Aukningin á tekjum er fyrst og fremst vegna styrktarsamninga sem voru gerðir milli ára. Annarsvegar við Reykjavíkurborg og hinsvegar við Rapyd. Það er mikilvægt að bæta fleiri stöðum undir reksturinn og verður að horfa til fleiri styrktarsamninga í því ljósi.



Markmið Sambandsins er að styrkir, þ.e. styrkir frá fyrirtækjum og auglýsingasamningar, verði að minnsta kosti 20% af tekjum Sambandsins.

Jafnframt er mikilvægt að félagsgjöld og mótagjöld fylgi verðlagi, þannig að mót standi undir sér, sem og öll þjónusta sem félögum innan BSÍ er veitt.


Lítli breyting er á kostnaðarhlíðinni á milli ára.



Afskriftir fastafjármuna aukast milli ára og eru um 1.7 milljónir á móti 1.1 milljónum. Við erum að afskrifa eignfærðan búnað um 35% á ári, sem er nokkuð hratt, en á móti kemur að með aukinni notkun er meiri þörf á endurnýjun á búnaði.


Eins má ekki gleyma að minnst á það að Reykjavíkurborg styrkir Sambandið með niðurfellingu fasteignagjalda, eins og undanfarin ár, sem voru rúmlega 2 milljónir á síðasta ári.

Ef við skoðum stærstu kostnaðarliðina, er lítil breyting milli ára. Það er jafnframt ekki mikið svigrúm til að lækka kostnað, enda eru stærstu kostnaðarliðirnir, þ.e. rekstur og kennsla, fjármagnaðir af stórum hluta í gegnum samninga við stjórnvöld. Brýnt er að finna frekari fjármögnun á afreksstarfinu. Einar Gudjohnsen hefur stutt mjög duglega við afreksmálin en frekari stoðir undir afreksstarfið eru mikilvægar.



Staða BSÍ er óneitanlega mjög góð um þessar mundir. Við höfum náð mjög góðri rekstrarniðurstöðu tvö ár í röð, eftir mjög erfið ár á undan.

Sambandið hefur engar langtímaskuldir og óverulegar skammtímaskuldir, sem eru hluti af eðlilegum rekstri.



Eigið fé Sambandsins er 130 milljónir sem er að mestu bundið í húseigninni í Síðumúla 37. Við getum verið stolt af þeim árangri sem hefur náðst og sterkri stöðu Sambandsins, sem oft er ekki algengt meðal Æskulýðs- og Íþróttasambanda.

Þó eru alltaf einhver óveðursský á lofti, Sambandið hefur lítið svigrúm fjárhagslega, nema með því að skuldsetja sig. Þannig þarf að finna fleiri tekjustoðir undir reksturinn og eins að búa til varasjóð til að bregðast við áföllum. Það er ljóst að ef yrði farið í framkvæmdir á húseignni, gæti það orðið verulegur kostnaður sem ekki er til fyrir. Eins má ekki gleyma Covid árunum, þar sem reksturinn var þannig kominn að ekki sást til lands á tímabili.

ÍMYND OG AUKINN SÝNILEIKI



Ímynd er samsett af upplifun fólks af vöru. Bridge er frábær vara og bridgespilarar hafa verið duglegir að halda því á lofti á árinu.

Jákvæðni elur af sér áhuga og árangur. Því vil ég þakka öllum bridgespilurum fyrir að halda ímynd bridge á lofti og hvetja til áframhaldandi jákvæðrar umræðu.

Samfélagsmiðlar

Við höfum verið mjög sýnileg á samfélagsmiðlum. Auglýsingar á Facebook, Instagram og TikTok hafa skilað miklum árangri og sýnileika. Við höfum alveg fært okkur úr fjölmiðlum og ljósvakamiðlum þegar kemur að auglýsingum.

Sjónvarpsefni

Áfram var unnið að sjónvarpsþáttunum Bridge fyrir alla í samvinnu við Bridgetv. Ekki tókst að koma þeim í línulegt sjónvarp en þættirnir voru settir inn á Bridgetv þar sem fólk getur nálgast þættina og eru virkilega góðir þættir.

Einnig vinna Margrét Hrafnisdóttir og Jón Óttar Ragnarsson að heimildarþáttum um bridge og hafa samið við RÚV um að þættirnir verði sendir út þar.

Þegar þetta er skrifað liggur svo fyrir samkomulag um gerð bridgeþátta á Samstöðinni. Þetta er spennandi verkefni og verður bridge nálgast út frá félagslegum forsendum.

Á síðasta ári hófust viðræður við Rafiþróttasamband Íslands um útsendingar á sjónvarpsstöð þeirra. Náðst hefur samkomulag og verður sett á laggirnar rafrænt sveitakeppnismót með lýsendum og góðri umgjörð. Útsendingarplássið sem Bridgesambandið fær, er á föstudagskvöldum, svo vonandi verður gott áhorf.

Prentmiðlar

Bridgesambandið hefur verið í samstarfi við Bændablaðið um fasta umfjöllun í blaðinu. Bændablaðið er mikið lesið og einnig birtir Bændablaðið allt efni á heimasíðu sinni og er auðvelt að dreifa á samfélagsmiðlum. Sambandið hefur fengið góð viðbrögð við pistlum og umfjöllun í blaðinu og sýna mælingar að lestur er mikill á blaðinu.

Samkomulagið við Bændablaðið gengur út á það að Bridgesambandið kostar til gerð umfjöllunar, sem er í höndum Björns Þorlákssonar.

Morgunblaðið er með frábæra, fasta pistla í umsjón Guðmundar Páls Arnarssonar. Eru þessir pistlar fyrir löngu orðnir þekktir fyrir að vera algjörir gullmolar sem munu reynast Bridgespilurum vel í að læra og bæta spilamennskuna.

Fréttatilkynningar og umfjöllun á vefmiðlum

Umfjöllun í formi fréttatilkynninga og fréttar hefur ekki verið nægjanlega góð. Þó er umfjöllun í kringum Reykjavík Rapyd Bridgefestival mjög góð og hefur verið nú í þrjú ár í röð bein útsending í fréttatíma frá setningu.

Við sjáum það að vel skrifaðar fréttir um bridge fá mikinn lestur og ótrúlega snertingu við lesendur, sem sést best á dreifingu fréttar á samfélagsmiðlum.

Eitt af verkefnum ársins er að fara á helstu fréttastofur landsins og hvetja þær til dáða, auk þess að bjóðast til að gera betur í að miðla upplýsingum.

"MARKETING IS REALLY JUST ABOUT SHARING YOUR PASSION."

MICHAEL HYATT

BARNA- OG UNGLINGASTARF

Allt starf fyrir 20 ára og yngri er fritt hjá Bridgesambandinu og öllum félögum. Það felur í sér að námskeið, kennsla, æfingagjöld, keppnisgjöld, kennsluefni og allur búnaður sem þarf, er iðkendum að kostnaðarlausu.

Við höfum stigið mörg jákvæð skref í barna- og unglingafræðslu. Við bjóðum framhaldsskólum, sem vilja kenna sjálfir bridgeáfanga, upp á námskrá, bækur, búnað, forgefni spil og alla aðstoð sem við getum veitt. Auk þess hefur Magnús Eiður verið kennurum til aðstoðar í kennslu.

Auk þess höfum við nú boðið upp á kennslu í húsnæði Bridgesambandsins sem Gunnar Björn og Magnús Eiður hafa séð um. Þar er nemendum úr ýmsum skólum safnað saman og kennt 2 sinnum í viku. Er þetta nám hluti af valáfangakerfi framhaldsskóla og geta nemendur þannig fengið 3e og 5e.

Opið hús, sem er alltaf á föstudögum, er í umsjón Magnúsar Eiðs. Þetta er fyrst og fremst hugsað til að fá inn unga iðkendur sem vilja fá aðstoð við að halda áfram í bridge og eins að eflast félagslega.

Við höfum séð það að mjög hátt hlutfall af krökkum sem hafa áhuga á bridge eru ekki í öðru skipulögðu æskulýðs- og íþróttastarfi. Þetta eru krakkar sem hafa mjög gaman af bridge en eiga oft erfitt með að taka næstu skref. Til að byggja á þessu höfum við hafið samstarf við Þjónustumiðstöðvar í Reykjavík, þar sem við viljum taka við krökkum sem eru ekki í nægjanlegri virkni, þar sem þau eru ekki að finna sig í þeim úrræðum sem eru í boði.

Einnig höfum við verið að undirbúa samstarf við íþróttasamband fatlaðra og Allir með. Það er mjög lágt hlutfall af börnum sem eru með einhverja fötlun og sem er í skipulögðu æskulýðs- og íþróttastarfi. Er það von okkar að þetta átak geti boðið upp á nýja möguleika, t.d. fyrir börn með hreyfifötlun, og samhliða því fleiri bridgespilara inn í framtíðina.

Í grunnáfanga í bridge er farið yfir alla helstu grunnþætti spilsins. Nemendur byrja á því að læra einfaldaða útgáfu sem nefnist mínibridge, þar sem stigagjöf, spilamat, úrspilun og vörn eru í forgrunni.

Í framhaldi af því er farið að spila hefðbundinn bridge með notkun sagnkerfis. Í þessum grunnáfanga læra nemendur Standard sagnkerfið í nokkuð einfaldri mynd. Í kennslustundum er blandað saman æfingum og spilamennsku.

Töluvert er spilað á internetinu og skrá nemendur sig á BridgeBase, þar sem hægt er að setja upp ákveðna tegund af spilahöndum og greina síðan spilin í hópumræðum á eftir.

Lokamarkmið kennslu er að nemandi hafi aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- mínibridge
- grunnreglum í bridge
- mismunandi stigakerfum
- standard sagnkerfinu
- notkun sagnabakka og hegðunarreglum við spilaborðið
- notkun bridgeforrita á netinu og hegðunarreglum í netheimum

Að nemandi hafi öðlast leikni í að meta styrk spila og tjá þann styrk með sagnkerfi, vinna með spilafélaga til að ná réttum samningi, gera spilaáætlun sem sagnhafi til að ná hámarksfjölda slaga, vinna með spilafélaga í vörn með leyfilegum merkingum.

Að nemandi geti hagnýtt sér þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- sýna samvinnu og umburðarlyndi gagnvart spilafélögum
- vinna skipulega að settum markmiðum
- þróa sinn eigin spilastíl
- þróa hæfni í áætlunargerð
- spila bridge sér til ánægju og yndisauka

Það hefur sýnt sig að mikilvægasta verkfærið til að virkja krakka til áframhaldandi spilamennsku, er að einhver spilari sem þekkir til spili við viðkomandi í klúbbaspilamennsku. Það er erfitt fyrir unga krakka að mæta í spilamennsku og það dugar ekki að hafa byrjendakvöld. Þarna þurfa áhugasamir bridgespilarar að taka að sér að mæta með nýliða og spila nokkrum sinnum við viðkomandi. Í sveitakeppni er t.d. hægt að skipta upp pörum og sækja nýliða í sveitina.

KENNSLA OG NÝLIÐUN

Áfram hefur verið mikill áhugi á bridgenámskeiðum. Þetta er samhliða betri ímynd og jákvæðri umfjöllun um bridge. Uppselt var á öll nýliðanámskeið í fyrra, auk þess sem framhaldsnámskeið voru um kerfið, úrspil og vörnina sem voru vel sótt. Gunnar Björn er skólastjóri Bridgeskólans, auk þess sem Magnús Eiður hefur verið að aðstoða.

Það er mjög blandaður aldur sem sækir þessi námskeið en meðalaldur hefur frekar farið lækkandi en hitt. Auk þess eru töluvert fleiri konur sem sækja skólann en karlar.

Magnús Eiður hefur einnig séð um Nýliðabridge á miðvikudögum, þá eru spiluð mót með aðstoð kennara. Þannig fá nýliðar betri tilfinningu fyrir spilinu og sjálfstraust. Mæting hefur verið mjög góð og hefur að jafnaði verið spilað á 8-11 borðum.

Magnús Eiður sér líka um opið hús fyrir nýliða alla föstudaga milli klukkan 16 og 19. Þá geta nýliðar komið hvenær sem er, spilað og fengið aðstoð kennara.

Algjör sprengja hefur orðið í dagspilamennsku þar sem fjölmargir klúbbar spila víða um land. Bara á höfuðborgarsvæðinu eru fleiri hundruð manns að spila að degi til í viku hverri. Þarna hefur nýliðun skilað sér vel.

Einnig er töluvert af nýliðum sem mæta hjá BOS klúbbnum sem og á miðvikudögum í Miðvikudagsklúbbinn.

Erfiðast hefur þó gengið að efla nýliðastarf í stærri klúbbunum, þar er spiluð mikið sveitakeppni og það er ekki aðgengilegt fyrir nýliða að koma inn í starfið. Klúbbar hafa farið þá leið að hafa kvöld þar sem vanir og óvanir spila saman og hefur sumsstaðar gengið vel. Það er þó ljóst að mínu mati að til þess að koma nýliðun inn í stærri klúbbana þurfa vanir spilarar að taka að sér að spila fast í einhverjar vikur við óvana spilara. Þannig er til fyrirmyndar þegar sveitir skipta sér upp og hver spilari tekur að sér spilara sem er óvanur. Þannig er óvanur spilari að fá reynslu og frammistaða er oft ágæt.

Það verður eitt af stærstu verkefnum Sambandsins að hjálpa félögunum að fá nýliða til að mæta. Það mun þó mæða mest á klúbbunum, sem þurfa að sækja nýliðana. Fólk sem er að læra, finnst gaman og er áhugasamt. Það er klárlega eitthvað sem við getum byggt frekar á.

AFREKSSTARF

Afreksstarf er töluvert erfitt í því umhverfi sem við búum við. Starfið er ófjármagnað og sækja þarf fjármagn beint til fyrirtækja eða styrktaraðila. Einar Gudjohnsen hefur reynst Sambandinu mjög vel og hefur styrkt afreksstarfið mjög rausnarlega.

Þegar frumvarp um afrekssjóð í skák var samþykkt fylgdi eftirfarandi álit allsherjar- og menntamálanefndar með „Meirihlutinn bendir á blómlegt starf í kringum fleiri hugaríþróttir sem Íslendingar hafa einnig náð frábærum árangri í. Dæmi um slíka íþrótt er bridds en Ísland á marga afreksmenn í þeirri íþrótt og hefur briddshreyfingin hér á landi viðhaldið kröftugu starfi sem fjölmargir Íslendingar sækja. Í umsögn Bridgesambands Íslands kemur fram að talið sé að virkir iðkendur bridds hér á landi séu um 20 þúsund. Íslendingar hafa náð mikilli velgengni í bridds á alþjóðavísu, sem dæmi um það má nefna sigur Íslands í heimsmeistarakeppni í bridds árið 1991, Bermúdaskálinni. Ásamt þessu hefur briddshreyfingin lagt aukna áherslu á tólmundastarf í þágu barna- og ungmenna á sviði bridds.

Í umsögn Bridgesambands Íslands er óskað eftir því að komið verði á laggirnar afrekssjóði fyrir bridds á Íslandi, þ.e. fyrir afreksfólk og efnilega spilara hér á landi sem gætu sótt um stuðning, sambærilegum þeim sem fjallað er um í frumvarpi þessu. Meirihlutinn tekur undir umsögn Bridgesambands Íslands og beinir því til mennta- og barnamálaráðherra að setja á fót starfshóp sem vinni tillögur að kerfi til að styðja við briddsspilara. Menningarlegt hlutverk beggja þessara hugaríþróttar, bridds og skákar, er mikið enda eiga þær sér báðar langa sögu, einkum skáklistin. Hér má þó benda á að um eðlisólíkar íþróttir er að ræða. Bridds er hópíþrótt, þar sem keppendur halda spilum að sér þannig að mótspilalar sjái ekki á spil andstæðinga sinna en áætla út frá upplýsingum frá þeim (sögnum) hvaða spil andstæðingar eru með á hendi og byggja leik sinn á því. Skák er hins vegar einstaklingsíþrótt sem grundvallast á gagnsæi og stöðu taflmanna á skákborðinu, sem er öllum ljós, og byggist á leikjum sem báðir keppendur sjá. Með hliðsjón af framangreindu er æskilegt að skoða stuðning við bridds og briddsspilara sjálfstætt og óháð stuðningi við skáklistina.”

Það myndi gjörbreyta öllu afreksstarfi Sambandsins að hafa aðgang að slíkum sjóði, jafnvel þó að sjóðurinn væri umtalsvert lægri en hjá skákinni. Það er erfitt að keppa við þjóðir sem búa við þann munað að geta búið bestu spilurunum þær aðstæður að vera 100% atvinnumenn í íþróttinni.

Töluvert meira var lagt í afreksstarf en undanfarin ár. Góð umgjörð var í kringum liðin. Á Evrópumótinu í Danmörku voru væntingar um að bæði liðið í opna flokknum sem og kvennaflokknum myndu stíga skref uppá við.

Margt gekk vel hjá kvennaliðinu en liðið hafði þó ekki nægjanlega gott úthald, en vissulega horfum við til þess að áframhaldandi jákvæð skref verði tekin á Norðurlandamótinu á Íslandi í sumar, sem og Evrópumótinu í Lettlandi á næsta ári.

Liðið í opna flokknum fór illa af stað en náði flugi inni á milli en þá komu oft skellir á móti minni spámönnum. Það var þó tilfinning mín að herslumuninn vantaði. Við höfum þær væntingar að liðið í opna flokkum verði í baráttu með að sigra Norðurlandamótið í sumar og jafnframt að liðið komist áfram á Evrópumótinu og taki þátt í að berjast um heimsmeistaratilinn „Bermúdaskálina.”

Það má ekki gleyma að minnst á Senior liðið, þó það hafi ekki verið að keppa á árinu, er ljóst að við eigum mjög gott Seniora lið sem getur á góðum degi skákað þeim bestu í heiminum.

Afreksstarf er samt eitthvað sem má ekki skilgreina of þröngt. Auðvitað viljum við vinna og vera meðal þeirra bestu í heiminum. Það er þó líka afreksstarf að halda úti öflugum starfi, koma í veg fyrir brottfall, bjóða upp á jákvætt og uppbyggjandi umhverfi, þar sem iðkendum líður vel. Við viljum sjá árangur á mörgum sviðum og vissulega er það mest mælanlegt með sigrum en sigrar vinnast ekki bara á mótum. Þeir vinnast á hverjum degi í lífi fólks og þarna viljum við skipta máli og gefa af okkur hvert til annars.

Evrópumótið var spilað 24 júní til 4 júlí. Í opna flokknum var liðið skipað þeim Magnúsi E. Magnússyni, Sigurbirni Haraldssyni, Birki Jóni Jónssyni, Aðalsteini Jörgensen, Ómari Olgeirssyni og Stefáni Jóhannssyni. Matthías Þorvaldsson var svo NPC. Má segja að það hafi verið óstöðugleiki í liðinu, margir mjög góðir sigrar unnust en svo komu töp á móti minni spámönnum. Þetta mót var alltaf hugsað sem upptaktur fyrir Evrópumótið 2026, þar sem stefnan er að komast áfram. Þó verður að segjast að niðurstaðan er vonbrigði en við trúum þó því að það vanti í raun bara herslumun til að Íslands komist á þann stall sem við stefnum að. Niðurstaðan varð 19 sæti.

Í kvennaflokknum spiluðu María Haraldsdóttir Bender, Harpa Fold Ingólfisdóttir, Inda Hrönn Björnsdóttir, Anna Heiða Baldursdóttir, Arngunnur Jónsdóttir og Alda Guðnadóttir. Anna Ívarsdóttir var NCP. Kvennaliðið fór mjög vel af stað og náði mjög góðum árangri framan af á móti virkilega sterkum sveitum. Liðið gaf þó eftir þegar leið á mótið og endaði í 16 sæti. Má segja að helsti höfuðverkur kvennaliðsins hafi verið eins og í opna flokknum að stöðuleika vantaði. Þó var margt jákvætt hjá kvennaliðinu og árangurinn eitthvað sem við getum byggt á.

HELSTU MÓT Á ÁRINU

REYKJAVÍK ROPYD BRIDGEFESTIVAL

Reykjavík Ropyd Bridgefestival var spilað 25. til 28. janúar og heppnaðist frábærlega. Það var gaman að heyra erlenda spilara segja að þetta væri það mót sem þeir væru spenntastir fyrir.

Í sveitakeppninni mættu til leiks 93 sveitir og var hart barist.

| Rank | VP | Team |
|------|--------|---|
| 1 | 139.94 |  Apres- Bridge Champs |
| 2 | 136.58 |  Dinkin |
| 3 | 136.22 |  Sørvoll |
| 4 | 133.92 |  Foreigner |
| 5 | 130.03 |  Hótel Norðurljós |
| 6 | 128.47 |  Sfg |
| 7 | 128.13 |  Doktorinn |
| 8 | 126.83 |  Kjörís |
| 9 | 125.36 |  Hjordis Eythorsdottir |
| 10 | 124.65 |  de Botton |

Varð sveit Apres- Bridge Champs sigurvegari með 139.94 stig, sveit Dinkin var í öðru sæti með 136.58 stig en Dinkin gaf hluta af verðlaunafé sínu til Bridgesambandsins, vegna ánægju með þá sýn sem við höfum. Í þriðja sæti varð síðan sveit Sørvoll með 136.22 stig.

Efst íslensku sveitanna varð Hótel Norðurljós í fimmta sæti, en í sveitinni spiluðu Hlynur Angantýsson, Karl G. Karlsson, Gunnlaugur Sævarsson og Kristján Már Gunnarsson.



SVEIT APRES- BRIDGE CHAMPS EN Í SVEITINNI VORU SABINE AUKEN, ROY WELLAND, MORTEN BILDE, DORTHE BILDE, DENNIS BILDE OG MARTIN SCHALTZ. Á MYNDINNI ER EINNIG EINAR ÞORSTEINSSON ÞÁVERANDI BORGARSTJÓRI SEM AFHENTI VERÐLAUN.



Dinkin sem varð í öðru sæti, gaf eins og áður kom fram hluta af verðlaunafé sínu til BSÍ. Dinkin hefur lagt mikið upp úr því að styrkja unga, efnilega spilara og mætti hann með virkilega efnilega spilara til Íslands. Til mikillar fyrirmyndar.

SVEIT DINKIN, EN Í SVEITINNI SPILUÐU SAM DINKIN, OLIVIA SCHIRESON, SIBRAND VAN OOSTEN OG TIM VAN DE PAVERD Á MYNDINNI ER EINNIG EINAR ÞORSTEINSSON ÞÁVERANDI BORGARSTJÓRI SEM AFHENTI VERÐLAUN.

Í tvímenning Reykjavík Rapyd Bridgefestival mættu 158 pör til leiks. Sigurvegarar urðu Dennis Bilde og Martin Schaltz með 57.6%, í öðru sæti urðu þau Sabine Auken og Roy Welland með 57.3% og í þriðja sæti urðu Keyzad Anklesaria og Debabrata Majumder með 56.9%. Efstir íslensku keppendanna urðu þeir Kristján Már Gunnarsson og Gunnlaugur Sævarsson, sem urðu í fimmta sæti. Almennt voru erlendu keppendurnir í efstu sætunum, enda mótið fyrnasterkt.



DENNIS BILDE OG MARTIN SCHALTZ



SABINE AUKEN OG ROY WELLAND

WORLD BRIDGE TOUR

Í vikunni fyrir Bridgehátíð var haldin mikil bridgeveisla í Hörpu. Var samstarf milli World Bridge Tour mótaráðarinnar og Bridgesambands Íslands. Markaðslega er þetta mót mjög sterkt fyrir bridge, margir af bestu spilurum í heiminum taka þátt og vekur mótið mikla athygli. Einnig styrkir þetta mót Reykjavík Bridgefestival og öfugt.



SVEIT APRES- BRIDGE CHAMPS FAGNAR SIGRI

Aðkoma Sambandsins að mótinu er töluverð í vinnuframlagi og eins er töluverður kostnaður sem lendir á Sambandinu. Tvær íslenskar sveitir tóku þátt í mótinu. Íslenska landsliðið og Grant Thornton.18 sveitir mættu til leiks og varð landslið Íslands í áttunda sæti og Grant Thornton í sautjanda sæti.

Sigurvegari varð sveit Apres- Bridge Champs sem í voru Sabine Auken, Roy Welland, Dennis Bilde, Martin Schaltz, Morten Bilde og Dorte Bilde. Í öðru sæti varð indversk sveit, Mavericks, en í henni spiluðu Subash Gupta, Subodh Maskara, Jaggy Shivdasani, Rajeshwar Tewari, Keyzad Anklesaria og Debabrata Majumder. Í þriðja sæti varð sveit Milner sem í spiluðu Jacek Pszczoła, Krzysztof Buras, Włodzimierz Starkowski, Michał Kwiecień, Reese Milner og Hemant Lall. Í fjórða sæti varð síðan sveit Edmonds sem í voru Jacek Kalita, Michał Klukowski, Jodi Edmonds, Sjoert Brink og Sebastiaan Drijver.

ÍSLANDSMÓT Í PARATVÍMENNINGI

Það voru 30 pör sem mættu til leiks á Íslandsmótinu í paratvímennungi sem var spilað 9.-10. febrúar. Það var að venju hart barist, þó stemningin væri góð.

Í fyrsta sæti urðu þau Ljósbrá Baldursdóttir og Matthías Þorvaldsson með 59.98%, í öðru sæti urðu María Haraldsdóttir Bender og Gunnlaugur Sævarsson með 54,89% skor og í þriðja sæti urðu Anna Ívarsdóttir og Birkir Jón Jónsson með 54,8% skor.



SIGURVEGARAR Í ÍSLANDSMÓTINU Í PARATVÍMENNINGI, FRÁ VINSTRI GUNNLAUGUR SÆVARSSON, MARÍA HARALDSDÓTTIR BENDER, MATTHÍAS ÞORVALDSSON, LJÓSBRÁ BALDURSDÓTTIR, BIRKIR JÓN JÓNSSON OG ANNA ÍVARSDÓTTIR.

ÍSLANDSMÓTIÐ Í TVÍMENNINGI



SIGURVEGARAR Á ÍSLANDSMÓTINU Í TVÍMENNINGI HLYNUR GARÐARSSON OG JÓN INGÞÓRSSON.

Íslandsmótið í tvímennungi er eitt af stórum mótum ársins, en vonbrigði urðu með þátttöku á mótinu árið 2024, sérstaklega í ljósi þess að bæði árin á undan og eftir var þátttaka góð. Var spilað 23.-24. febrúar og mættu 23 pör til leiks.

Í fyrsta sæti með 55.71% urðu þeir Hlynur Garðarsson og Jón Ingþórsson. Í öðru sæti með 55.6% urðu Aðalsteinn Jörgensen og Birkir Jón Jónsson. Í þriðja sæti með 54.4% urðu Bergur Reynisson og Skúli Skúlason. Í fjórða sæti með 54.18% urðu þeir Gunnar B. Helgason og Hrannar Erlingsson og í fimmta sæti með 54.13% urðu Ingi Agnarsson og Valgarð Jakobsson.



EFSTU ÞRjú ÞÖRIN Á ÍSLANDSMÓTINU Í TVÍMENNINGI. FRÁ VINSTRI AÐALSTEINN JÖRGENSEN, BIRKIR JÓN JÓNSSON, HLYNUR GARÐARSSON, JÓN INGÞÓRSSON, SKÚLI SKÚLASON OG BERGUR REYNISSON.

ÍSLANDSMÓT Í SVEITAKEPPNI KVENNA

Sveit PwC varð Íslandsmeistari í sveitakeppni kvenna. Var ótrúleg spenna og var það á síðasta spilinum sem sveitin tryggði sér sigur. En í lokaumferðinni vann sveit PwC sveit Tekt ehf sem var í fyrsta sæti fyrir lokaumferðina.

Lokastaðan á mótinu

122.41 PwC Ljósbrá Baldursdóttir - Hjördís Sigurjónsdóttir - Anna Ívarsdóttir - Guðrún Óskarsdóttir

122.34 Tekt ehf Anna Guðlaug Nielsen - Helga Helena Sturlaugsdóttir - Harpa Fold Ingólfsdóttir - María Haraldsdóttir Bender

110.45 Hanna verkfræðistofa ehf Svala K Pálsdóttir - Birna Stefnisdóttir - Hallveig Karlsdóttir - Ólöf Ingvarsdóttir

106.38 Dís Bryndís Þorsteinsdóttir - Guðný Guðjónsdóttir - Þorgerður Jónsdóttir - Sóley Jakobsdóttir

90.51 Áfram stelpur Sigrún Þorvarðsdóttir - Brynja Dýrborgardóttir - Soffía Danielsdóttir - Hrafnhildur Skúladóttir



ÍSLANDSMEISTARAR Í SVEITAKEPPNI KVENNA, SVEIT PWC. FRÁ VINSTRI LJÓSBRÁ BALDURSDÓTTIR, HJÖRDÍS SIGURJÓNSDÓTTIR, ANNA ÍVARSDÓTTIR OG GUÐRÚN ÓSKARSDÓTTIR.

ÍSLANDSMÓT Í SVEITAKEPPNI - UNÐANÚRSLIT

Undanúrslit Íslandsmótsins í sveitakeppni voru spiluð annað árið í röð í Fjölbrautaskólanum við Ármúla. Aðstaðan er mjög góð í FÁ auk þess sem boðið er upp á valáfanga í bridge við skólann svo, það er mjög vel til fundið að spila undanúrslitin í FÁ.

Í ár mættu 35 sveitir til leiks og fóru 12 sveitir áfram að vanda í úrslitin. Var spilaður Monrad og var mjög spennandi að fylgjast með baráttu sveita um efstu 12 sætin. Það eru alltaf einhverjar sveitir sem koma á óvart og var skemmtilegt að sjá Guðmund Ólafsson lenda í sjötta sæti og fara áfram annað árið í röð. Einnig var gaman að sjá sveitina Hér vantar blaðsíðu, frá Austurlandi, fara áfram í úrslitin.

Annars fóru eftirfarandi tólf sveitir áfram.

| Sæti | Stig | Sveit |
|------|--------|---------------------|
| 1. | 159.58 | Tick Cad ehf |
| 2. | 151.13 | Grant Thornton |
| 3. | 150.26 | Hótel Norðurljós |
| 4. | 150.08 | InfoCapital |
| 5. | 145.73 | Kjörís |
| 6. | 140.19 | Guðmundur Ólafsson |
| 7. | 139.25 | Málning |
| 8. | 137.19 | J.E. Skjanni ehf |
| 9. | 136.86 | SFG |
| 10. | 134.60 | Betri Frakkar |
| 11. | 132.43 | Hér vantar blaðsíðu |
| 12. | 127.25 | TM Selfossi |

Sveit Tick Cad ehf spilaði best allra sveita í undanúrslitunum. Í sveitinni voru Ómar Olgeirsson, Stefán Jóhannsson, Jón Ingbórsson og Hlynur Garðarsson.



PÁSKATVÍMENNINGUR

Páskatvímenninurinn var spilaður laugardaginn 29 mars í Síðumúla og spilað var á 11 borðum.

Efstu pör urðu eftirfarandi.

| Sæti | % | Par |
|------|-------|---|
| 1. | 60.00 | Karl G Karlsson - Kristinn Ólafsson |
| 2. | 59.50 | Eiríkur Hjaltason - Jón Ingbórsson |
| 3. | 56.17 | Gabriel Gíslason - Gísli Steingrímsson |
| 4. | 55.4 | Ingi Agnarsson - Valgarð Jakobsson |
| 5. | 54.39 | Sigrún Þorvarðsdóttir - Guðný Guðjónsdóttir |
| 6. | 53.06 | Sigurður Ólafsson - Jón Sigtryggsson |

ÍSLANDSMÓT Í SVEITAKEPPNI - ÚRSLIT

Úrslit Íslandsmótsins í sveitakeppni voru spiluð í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ. En Bridgesambandið og Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ eru einmitt í samstarfi með valáfanga í bridge. Voru 12 sveitir búnar að vinna sér réttinn til að spila til úrslita sem voru spiluð, 25.-28. apríl.

Fjórar efstu sveitirnar eftir fyrstu þrjá daganna spiluðu síðan til úrslita síðasta daginn. Er skemmst frá því að segja að spennan varð aldrei mikil um hvaða sveit myndi vinna riðlakeppnina.

Efstu sveitirnar í riðlakeppninni:

| Sæti | Stig | Sveit |
|------|--------|------------------|
| 1. | 162.86 | InfoCapital |
| 2. | 131.30 | SFG |
| 3. | 127.26 | Tick Cad ehf |
| 4. | 125.22 | Kjörís |
| 5. | 118.63 | Hótel Norðurljós |
| 6. | 115.58 | Málning hf |

Það voru því sveitir InfoCapital, SFG, Tick Cad og Kjörís sem spiluðu síðan til úrslita.

Það varð snemma ljóst hvaða sveit myndi vinna mótið, þar sem InfoCapital hafði mikla yfirburði. En baráttan um annað sætið varð mjög spennandi. Var sýnt frá leikjum á BBO og var mikið áhorf á leikina. Voru sveitir að detta úr öðru sæti í fjórða á milli spila og var virkilega gaman að fylgjast með. Að lokum varð það sveit Tick Cad sem tók annað sætið og Kjörís þriðja sætið. Aðeins munaði 0.47 stigum á öðru og fjórða sæti.

Í sveit InfoCapital spiluðu þeir Matthías Þorvaldsson, Birkir Jón Jónsson, Aðalsteinn Jörgensen, Bjarni H. Einarsson, Sigurbjörn Haraldsson og Sverrir G. Ármannsson.



Sveit InfoCapital
Matthias Þorvaldsson,
Birkir Jón Jónsson,
Aðalsteinn Jörgensen,
Bjarni H Einarsson,
Sigurbjörn Haraldsson
og Sverrir G
Ármannsson.

Sveit Tick Cad, Hlynur
Garðarsson, Jón
Ingþórsson, Rúnar
Einarsson, Guðjón
Sigurjónsson, Ómar
Olgeirsson og Stefán
Jóhannsson



Sveit Kjörís, Reynir
Helgason, Frímann
Stefánsson, Pétur
Guðjónsson og Björn
Þorláksson

KJÖRDÆMAMÓT

Kjördæmamótið var að þessu sinni haldið í Stykkishólmi. Voru það Vestlendingar, undir öruggri forystu Sveinbjörn Egilssonar, sem héldu utan um mótið að þessu sinni.

Það var sveit Norðurlands eystra sem stóð uppi sem sigurvegari, en sveitin hefur unnið þrjú ár í röð og tók þannig við af Reykjavík sem vann þrjú árin þar á undan.



KJÖRDÆMAMEISTARAR 2024 SVEIT NORÐURLANDS EYSTRÁ

BIKARKEPPNIN

Það voru 32 sveitir sem spiluðu í bikarnum. Þetta mótafyrirkomulag er skemmtilegt og er félagslega vel heppnað.

Þær fjórar sveitir sem komust í undanúrslit voru TM Selfossi, Tick Cad, InfoCapital og sveit Karls Sigurhjartarsonar. Í undanúrslitum sló sveit InfoCapital út Tick Cad og sveit Karls Sigurhjartarsonar bar sigurorð af TM Selfossi. Í úrslitaleiknum var sveit InfoCapital sterkari og vann að lokum öruggan sigur.

LOKAMÓT SUMARBRIDGE

Það var frábært kvöld í Bridgesambandinu þegar síðasta mót sumarbridge 2024 var haldið. Lokamót sumarbridge (silfurstigamót) var haldið í stóra salnum og svo var Maggi með nýliðabridge í minni salnum. Allt pakkað og vel heitt í húsinu.

Stefán Stefánsson stigakóngur sumarbridge 2024 dró í undanúrslit í bikarnum. Hann var farinn þegar verðlaunaafhendingin var, svo að verðlaunin hans voru dregin í aukavinninga.

En sigurvegarar lokamóts Sumarbridge 2024 voru:
60.62% Sigfinnur Snorrason - Sigurjón Karlsson
59.31% Guðjón Sigurjónsson - Rúnar Einarsson
58.40% Þórarinn Ólafsson - Sigurður Páll Steindórsson

Aukaverðlaunin fengu Súsanna Þorvaldsdóttir og María Dóra Björnsdóttir, eða gjafabréf á Íslandsmótið í tvímenningi og svo var Oddný Sverrisdóttir dregin út og fékk rauðvinsflösku.



SIGFINNUR SNORRASON OG SIGURJÓN KARLSSON

ÍSLANDSMÓT ELDRI SPILARA Í SVEITAKEPPNI

Þann 5. október mættu 10 sveitir til að spila Íslandsmót eldri spilara í sveitakeppni.

Í fyrsta sæti varð sveit Gauksins en í þeirri sveit spiluðu Aðalsteinn Jörgensen, Sverrir G Ármannsson, Svala K. Pálsdóttir og Rosemary Shaw.

| Sæti | Stig | Sveit |
|------|-------|------------|
| 1. | 99.48 | Gaukurinn |
| 2. | 84.50 | HHHS |
| 3. | 81.82 | Suðurtún |
| 4. | 77.71 | Blár Ópall |
| 5. | 77.40 | Hundarnir |
| 6. | 61.91 | Emma |

ÍSLANDSMÓT ELDRI SPILARA Í TVÍMENNINGI

Þann 6. okt mættu 13 pör í Íslandsmót eldri spilara í tvímenningi. Það var dræm mæting og er ástæða til að skoða fyrirkomulagið fyrir næsta ár. Til greina kæmi að breyta mótinu, þannig að aðeins væri keppt í tvímenningi eða aðeins í sveitakeppni. Allavega, ef bæði mótin eiga að vera áfram, að annað mótið væri fyrir áramót og hitt mótið eftir áramót.

Sigurvegarar urðu Björn Eysteinnsson og Guðmundur Sv. Hermannsson, í öðru sæti urðu Magnús Sverrisson og Halldór Þorvaldsson og í þriðja sæti Rosemary Shaw og Svala Pálsdóttir

| Sæti | % | Par |
|------|-------|---|
| 1. | 61.88 | Björn Eysteinnsson - Guðmundur Sv. Hermannsson |
| 2. | 60.21 | Magnús Sverrisson - Halldór Þorvaldsson |
| 3. | 56.54 | Rosemary Shaw - Svala K Pálsdóttir |
| 4. | 55.77 | Kristján Már Gunnarsson - Runólfur Þór Jónsson |
| 5. | 52.50 | Kristinn Kristinsson - Birgir Ólafsson |
| 6. | 50.58 | Eiríkur Jónsson - Karl Alfreðsson |

ÍSLANDSMÓT KVENNA Í TVÍMENNINGI

Íslandsmót kvenna í tvímenningi var spilað 11.-12. október, mættu til leiks 13 pör.



BRYNDÍS ÞORSTEINSDÓTTIR OG ROESMARY SHAW
ÍSLANDSMEISTARAR KVENNA Í TVÍMENNINGI.

Var mótið jafnt og spennandi en lauk með sigri Bryndísar Þorsteinsdóttur og Roesmary Shaw.

Voru efstu pör eftirfarandi.

| Sæti | % | Par |
|------|-------|---|
| 1. | 56.79 | Bryndís Þorsteinsdóttir - Rosemary Shaw |
| 2. | 55.13 | Inda Hrönn Björnsdóttir - Anna Heiða Baldursdóttir |
| 3. | 54.62 | Þorgerður Jónsdóttir - Guðný Guðjónsdóttir |
| 4. | 54.36 | Sigrún Þorvarðsdóttir - Brynja Dýrborgardóttir |
| 5. | 53.97 | Ingibjörg Guðmundsdóttir - Sólveig Jakobsdóttir |
| 6. | 53.85 | Hrafnhildur Skúladóttir - Soffía Danielsdóttir |

DEILDARKEPPNIN

Fyrri helgi deildarkeppnarinnar var spiluð helgina 19.-20. október. Spila þá 10 sveitir sem hafa unnið sér réttinn til að spila í 1. deild. Fjórar af þeim fara áfram í undanúrslit, þær tvær sem eru í fimmta og sjötta sæti hafa lokið keppni en fjórar neðstu falla í 1.deild

Varð lokastaðan eftirfarandi

| Sæti | Skor | Sveit |
|------|--------|--------------------|
| 1. | 134.70 | InfoCapital |
| 2. | 107.58 | Grant Thornton |
| 3. | 101.72 | Sveit Snorra Karls |
| 4. | 96.89 | Tick Cad |
| 5. | 89.95 | Uinir Gylfa |
| 6. | 87.14 | Betri Ferðir |
| 7. | 83.35 | Vopnabræður |
| 8. | 71.49 | Þruma |
| 9. | 66.62 | Hjálmar S Pálsson |
| 10. | 60.56 | TM Selfossi |

Það voru því InfoCapital, Grant Thornton, Sveit Snorra Karls og Tick Cad sem unnu sér rétt til að spila í undanúrslitum. En undanúrslitin eru spiluð sömu helgi í 2. deildin er spiluð.

Var ákveðið að spila seinni helgina í Hafnarfirði og spila ekki sömu spilin í 1. deild og 2. deild, eins og verið hefur. Hefur verið mikið talað fyrir því að spila styttri leiki í 2. deild sem var reynt og gafst mjög vel.

Í óformlegri könnun í lok móts, kom í ljós að allir spilarar vildu frekar spila styttri leiki.

Í undanúrslitum unnu Grant Thornton og InfoCapital sína leiki og spiluðu því saman til úrslita. Ekki í fyrsta skipti sem þessar sveitir spila til úrslita. Þar bar InfoCapital sigur af hólmi en í sveitinni spiluðu Sverrir G. Ármannsson, Bjarni H. Einarsson, Aðalsteinn Jörgensen, Birkir Jón Jónsson, Guðmundur Páll Arnarson og Matthías Þorvaldsson.

Í 2. deild mættu átján sveitir til leiks sem er virkilega góð mæting. Ánægja var með fyrirkomulagið og spilaaðstaðan í Hafnarfirði er eins og best verður á kosið. Það voru fjórar efstu sveitinar sem tryggðu sér sæti í 1.deild að ári.

Efst með töluverða yfirburði varð sveit Sætra piltar sem í voru Gunnlaugur Sævarsson, Vignir Hauksson, Kristján Blöndal, Einar Jónsson, Guðmundur Sv. Hermannsson og Ragnar Hermannsson.

| Sæti | Skor | Sveit |
|------|--------|------------------------------------|
| 1. | 144.98 | Sætir Piltar |
| 2. | 122.31 | TM Selfossi |
| 3. | 120.52 | Þruma |
| 4. | 118.76 | Við erum komin til að sjá og sigra |

ÍSLANDSMÓTIÐ Í PARASVEITAKEPPNI

Íslandsmótið í parasveitakeppni var spilað helgina 7.-8. desember í Síðumúla. Það mættu 11 sveitir til leiks.

Það var sveit Ljósbrár Baldursdóttur sem sigraði með nokkrum yfirburðum, fékk 147.49 stig eða 26 stigum meira en næsta sveit, sem var sveit Jörga litla.

| Sæti | Skor | Sveit |
|------|--------|-----------------------|
| 1. | 147.49 | Ljósbrá Baldursdóttir |
| 2. | 121.75 | Jörgi litli |
| 3. | 120.63 | Strengir |
| 4. | 118.96 | Islands in the Team |
| 5. | 118.92 | Birta |
| 6. | 113.79 | Frederik X og Denna |



ÍSLANDSMEISTARAR Í PARASVEITAKEPPNI KRISTJAN BLÖNDAL, HJÖRDÍS SIGURJÓNSDÓTTIR, LJÓSBRÁ BALDURSDÓTTIR OG MATTHIAS ÞORVALDSSON



Í ÖÐRU SÆTI VARÐ SVEIT JÖRGA LITLA OG TÓK BRYNDÍS ÞORSTEINSDÓTTIR VIÐ VERÐLAUNUM FYRIR SVEITINA



Í ÞRIÐJA SÆTI VARÐ SVEIT STRENGJA EN Í HENNI VORU MARÍA HARALDSDÓTTIR BENDER, SKÚLI SKÚLASON, VIGNIR HAUKSSON OG HARPA INGÓLFSDÓTTIR

ÍSLANDSMÓTIÐ Í BÖTLERTVÍMENNINGI

Þann 14. desember var spilað Íslandsmótið í böttertívenningi. Það mættu 18 pör til leiks og var spennan fram á síðasta spil.

| Sæti | impar | Par |
|------|-------|---|
| 1. | 67.0 | Aðalsteinn Jörgensen - Birkir Jón Jónsson |
| 2. | 60.0 | Hlynur Garðarsson - Jón Ingþórsson |
| 3. | 53.5 | Ljósbrá Baldursdóttir - Matthías Þorvaldsson |
| 4. | 46.0 | Gunnlaugur Sævarsson - Vignir Hauksson |
| 5. | 36.0 | Matthías Imsland - Ólafur Steinason |
| 6. | 30.0 | Sverrir G Kristinsson - Snorri Karlsson |



SIGURVEGARAR Á ÍSLANDSMÓTINU Í BÖTLERTVÍMENNING, FRÁ VINSTRI JÓN INGÞÓTSSON, HLYNUR GARÐARSSON, AÐALSTEINN JÖRGENSEN, BIRKIR JÓN JÓNSSON, LJÓSBRÁ BALDURSDÓTTIR OG MATTHÍAS ÞORVALDSSON

ÖNNUR MÓT

Það voru mörg frábær mót sem félögin héldu á árinu, sem koma ekki fram í þessari upptalningu, enda ekki beint á vegum Brisdegsambandsins. Má eeing nefna árshátíð kvenna sem heppnast alltaf frábærlega. Má þar nefna Minningarmót um Jón Baldursson á vegum BR, minningarmót um Skúla Sveinsson á Borgarfirði eystri, Þorsteinsmótið, Davíðsmótið, Halamótið og Borðeyrarmótið.

Jólatvímenningar verða sífellt vinsælli og er algengara að hreinlega sé lokað fyrir skráningu.

Svæðamótin hafa svo sannarlega tekið við sér í kjölfar þess að fyrirkomulagi í undankeppni var breytt. Er misjafnt milli svæða með hvaða fyrirkomulagi mótin eru en mörg mótin mjög vel heppnuð og mikil aukning í þátttöku.

STIGAMEISTARAR

Það var Aðalsteinn Jörgensen sem varð stigameistari 2024 með nokkrum yfirburðum. Í öðru sæti varð Birkir Jón Jónsson og því þriðja Matthías Þorvaldsson, en þeir eru allir sveitafélagar.

Þarna lítur nýtt stigamet dagsins ljós. Bronsstigameistari varð Magnús Sverrisson með hreint ótrúlegan fjölda bronsstiga eða 2198. Í öðru sæti varð Halldór Þorvaldsson makker Magnúsar, með 2092 bronsstig. Í þriðja sæti varð svo Stefán G. Stefánsson með 848 bronsstig.

Flest skoruð Meistarastig 2024



1. Aðalsteinn Jörgensen - 241,77



2. Birkir Jón Jónsson - 202,06



3. Matthías G Þorvaldsson - 178,01

4. Jón Inghórssón - 156,78
5. Sverrir G Ármannsson - 155,89
6. Bjarni Hólmur Einarsson - 149,95
7. Hlynur Garðarsson - 134,67
8. Sigurbjörn Haraldsson - 126,26
9. Guðjón Sigurjónsson - 108,57
10. Frimann Stefánsson - 98,59
11. Reynir Helgason - 96,75
12. Ómar Ólgeirsson - 94,06
13. Gunnar Björn Helgason - 94,06
14. Gunnlaugur Sævarsson - 91,15
15. Stefán Jóhannsson - 88,74
16. Björn Þorláksson - 88,46
17. Stefán Stefánsson - 86,54
18. Gunnlaugur Karlsson - 83,87
19. Hrannar Erlingsson - 83,32
20. Stefán Jónsson - 81,51

Flest skoruð Meistarastig Konur - 2024



1. María Haraldsdóttir Bender - 61,79



2. Svala Kristín Pálsdóttir - 57,50



3. Ljósbrá Baldursdóttir - 57,45

4. Harpa Fold Ingólfssdóttir - 49,89
5. Arngunnur Jónsdóttir - 41,83
6. Bryndís Þorsteinsdóttir - 37,85
7. Svanhildur Hall - 36,00
8. Anna Heiða Baldursdóttir - 34,34
9. Hjördis Sigurjónsdóttir - 34,00
10. Rosemary Shaw - 33,33
11. Anna Guðrún Ívarsdóttir - 33,29
12. Alda Guðnadóttir - 30,76
13. Hrafnhildur Skúladóttir - 29,98
14. Guðrún Óskarsdóttir - 29,85
15. Soffía Danielsdóttir - 28,36
16. Inda Hrönn Björnsdóttir - 28,10
17. Ingibjörg Guðmundsdóttir - 25,10
18. Sigrún Þorvarðsdóttir - 24,43
19. Guðný Guðjónsdóttir - 24,42
20. Þorgerður Jónsdóttir - 22,33

Flest silfurstig fékk Aðalsteinn Jörgensen eða 184, í öðru sæti urðu svo jafnir Magnús Sverrisson og Halldór Þorvaldsson með 163 silfurstig en þeir voru einu stigi á undan Svölu Pálsdóttur sem varð í fjórða sæti með 162 silfurstig.

María Haraldsdóttir Bender var stigahæsta konan með 61,79 meistarastig, í öðru sæti var svo Svala k. pálsdóttir með 57,5 stig og í því þriðja Ljósbrá Baldursdóttir með 57,45 stig.

LOKAORÐ

2024 var gott bridgeár, það er mjög margt jákvætt sem er að gerast í okkar hreyfingu. Það er mikill áhugi á bridge og umræða um bridge er mikil. Fólk vill læra bridge og hefur verið meira og minna fullt á öll námskeið sem við höfum haldið.

Fjárhagslega höfum við náð að snúa rekstrinum við og stöndum við vel fjárhagslega með heilbrigðan rekstur. Það þarf þó að fjölga stoðunum undir rekstrinum. Okkar vantar fleiri styrktaraðila og þar skipta persónuleg tengsl öllu máli, þar þurfum við bridgespilarar öll að leggjast á árarnar.

Við höfum náð árangri en þurfum þó að bæta okkur í því og það er að fá fólk sem er að læra bridge til að mæta í stærri klúbbanna. Það gerist ekki nema félögin sækja spilara, það er vissulega gott að bjóða upp á nýliðakvöld en það er ekki nóg. Best er þegar sveitum t.d. er skipt upp og nýliðum boðið með. Það er ekki auðvelt fyrir fólk sem er að stíga sín fyrstu skref að koma inn t.d. í sveitakeppni og spila við fólk með mjög mikla reynslu. Það virðist líka vera þannig að samfélagið í dag hafi breyst, það er meiri frammistöðukvíði hjá fólki og samfélagsmiðlar auka það ef eitthvað er. Þetta er verkefni sem við þurfum að takast á við saman og spilarar að aðstoða forráðamenn í klúbbunum á þessari vegferð.

Við höfum einbeitt okkur mjög að barna- og unglíngastarfi á árinu og munum halda því áfram. Sérstaklega í samstarfi við framhaldsskóla og sveitarfélög og það eru tækifæri í samstarfi eins og t.d. Allir með.

Við höfum sett okkur skýr hegðunarviðmið sem eru kynnt fyrir iðkendum. Við höfum sett siðareglur fyrir afreksfólkið okkar og erum í góðu samstarfi við Samskiptaráðgjafa ÍSí. Við viljum vera til fyrirmyndar og við viljum að það líði öllum vel í okkar umhverfi. Þetta er eitthvað sem við þurfum öll að hafa í huga. Bridge er svo sannarlega skemmtilegt og við þurfum að tryggja að öllum sem spila finnist það.

Að lokum vill ég minna spilara á að vera jákvæðir, bæði við spilaborðið og eins í samfélagsumræðu. Fólk vill vera með þegar það er skemmtilegt og það mun alltaf efla okkar frábæru íprótt að það sé jákvæð og skemmtileg umræða sem fylgir.

Annars þakka ég öllum spilurum fyrir árið. Vonandi höldum við áfram að efla okkur og stíga jákvæð skref.